



Byggðasafn Reykjanesbæjar



Ársskýrsla 2020

Inngangur

Óhætt er að segja að fordæmalaust ár vegna covid farsóttar hafi sett mark sitt á starfsemi safnsins. Sem betur fer er þó óhætt að fullyrða að starfsemi safnsins hafi frekar styrkst en hitt, enda er starfsemin lítt háð tekjum af aðsókn á sýningar, sem dróst verulega saman í kjölfar ráðstafana vegna farsóttarinnar. Safnið naut hins vegar veglegra styrkja sem fleyttu starfinu vel áfram á síðasta ári. Um leið og þakka má fyrir að verkefnastyrkir fái í mikilvæg verkefni er það engu að síður starfseminni fjötur um fót að þurfa að reiða sig um of á verkefnastyrki til að halda sérmenntuðu starfsfólki að vinnu við mikilvæg verkefni.

Í starfi safnsins ávannst ýmislegt mikilvægt á árinu. Í krafti verkefnastyrks Sóknaráætlunar Suðurnesja og styrkveitingar úr Safnasjóði var áfram unnið skipulega að söfnun varnarliðseigna og grunnur sýningar um sögu varnarliðsins styrktist um leið. Yfir þúsund muna og gripa tengdir þessari sögu hafa verið skráðir í safnkostinn í framhaldinu og talsvert fleiri munir, tæki, ljósmyndir og skjöl bíða skráningar.

Í tengslum við verkefnið ritun á sögu Keflavíkur 1949-1994 voru þúsundir ljósmynda safnsins valdar, skannaðar og skráðar og gerðar aðgengilegar á nýjum ljósmyndavef safnsins; *reykjanesmyndir.is*.

Þrjár nýjar sýningar voru opnaðar í Duus Safnahúsum sem hlutu góðar viðtökur. Þá var unnið að undirbúningi nýrra sýninga sem opnaðar verða á árinu 2021.

En þrátt fyrir góðan árangur á síðasta ári er ljóst að brýn þörf er á að ráða fleiri fastráðna starfsmenn að safninu í ljósi þeirra stóru verkefna sem Byggðasafnið þyrfti að ráðast í.

Starfsemi

Hlutverk Byggðasafnsins er að sinna sögu og menningu sveitarfélagsins með því að safna, varðveita, skrá og rannsaka sögulega muni, minjar og ljósmyndir. Jafnframt að miðla vitneskju um söguna og safnkostinn og veita almenningi aðgang að honum.

Starfsfólk

Á síðasta ári voru tveir fastráðnir starfsmenn í fullu starfi: Eiríkur P. Jörundsson safnstjóri og Haraldur Haraldsson safnvörður.

Helgi V. V. Biering þjóðfræðingur var verkefnaráðinn í fullt starf allt árið við átakssöfnun og skráningu minja og mynda er tengjast sögu varnarliðsins. Auk þess vann hann mikilvægt starf við undirbúning og uppsetningu sýninga, móttöku skólahópa og verkefnum tengdum safnkosti Byggðasafnsins.

Hulda Björk Þorkeldsdóttir vann sem verktaki við skráningu mynda í ljósmyndasafn BYR í tengslum við ritun á sögu Keflavíkur og jafnframt við uppbyggingu á nýjum ljósmyndavef safnsins. Á seinni hluta ársins kom Oddgeir Karlsson ljósmyndari að skönnun og skráningu ljósmynda. Auk þess unnu Sonja Duarte og Margrét I. Ásgeirsdóttir sem verktakar við uppbyggingu ljósmyndasafns og ljósmyndavefs.

Justine Tan Doro-on og Salka Lind Reinhardsdóttir voru ráðin í tvo mánuði tengslum við sumarátak námsmanna og unnu að margvíslegum mikilvægum verkefnum safnsins, s.s. undirbúningi og uppsetningu sýninga, viðhaldi og skráningu og ljósmyndun muna.

Rekstur

Ársvelta 2019	63.969.595
Tekjur:	
Styrkir og sértekjur:	10.276.000
Framlag Reykjanesbæjar:	53.693.595
Útgjöld:	
Laun og launatengd gjöld:	28.463.605
Húsnæðiskostnaður:	26.313.018
Sértækur rekstur safns:	5.555.447
Almennur rekstur:	3.364.525

Sérstök verkefni

Hús safnsins

Á árinu var unnið að mati og endurskoðun á framtíðarhlutverki þeirra húsa sem eru í eigu og/eða í umsjón safna bæjarins. Markmiðið er að leggja fram á árinu 2021 framtíðarstefnumótun við uppbyggingu menningarhúsa og sögutengdra svæða bæjarins. Þar er einkum um að ræða framtíðarnotkun Duus Safnahúsa, auk hússins í Innri-Njarðvík og Stekkjarkots. Þá voru skoðaðir framtíðarmöguleikar varðand notkun hússins á Vatnsnesi, sem gefið var Byggðasafninu fyrir rúmum 40 árum.

Jafnframt var unnið að endurskipulagningu húsnæðis í Safnamiðstöinni í Ramma, bæði til að bæta geymsluaðstöðu safnanna og einnig að skipuleggja þann hluta hússins sem væntanlega verður nýttur undir nýja sýningu um 100 ára sögu slökkviliða á Íslandi og þá ekki síst slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Skipuleg söfnun Varnarliðminja

Árið 2019 hófst Byggðasafnið handa við að safna munum, myndum og sögum með skipulögðum hætti sem tengjast veru varnarliðsins. Helgi V.V. Biering þjóðfræðingur var þá ráðinn til verksins og vann allt árið 2020 að þessu verkefni fyrir tilstilli veglegra styrkja úr Sóknaráætlun Suðurnesja og Safnasjóði. Talsvert hefur unnist við þessa söfnun. Árið 2019 voru skráðir ríflega 300 gripir inn í safneignina sem komu inn eingöngu vegna söfnunarátaksins. Á árinu 2020 voru skráðir inn um 249 gripir og nærrí 1.000 gripir biðu skráningar um síðustu áramót. Búið er að ljósmynda stærstan hluta þeirra muna sem skráðir hafa verið í tengslum við varnarliðssöfnunina og færa inn í Sarp, sameiginlegan gagnagrunn íslenskra minja- og listasafna sem aðgengilegur er á netinu.

Einnig hefur skilað sér inn töluvert magn ljósmynda sem sumar hverjar eru nú þegar komnar á ljósmyndavef Byggðasafnsins; reykjanesmyndir.is.

Þá hafa borist í hús frásagnir einstaklinga sem tengjast veru hersins og samskiptum milli íbúa varnarsvæðisins og íbúa utan girðingarinnar. Þessar sögur eru allar til á hljóðupptökum.

Munirnir hafa borist víðsvegar frá og frá fjölmörgum einstaklingum, s.s. Friðþóri Eydal, Tómasi Knúttssyni, Páli Bj. Hilmarssyni og Sigurði Má Grétarssyni. Einnig frá fyrirtækjum og stofnunum en flestir munir hafa komið frá Isavia og Landhelgisgæslunni.



Sýningar

Hlustað á hafið

Föstudaginn 5. júní var opnuð sýningin **Hlustað á hafið** í Gryfjunni í Duus Safnahúsum. Sýningin fjallar um nán tengsl sjómanna árabátatímans við hafið umhverfis Reykjanesið. Íbúar þessa svæðis áttu allt sitt undir hafinu og því sem sjórinn gaf. Undir yfirborðinu var gullkistan sem sjómenn sóttu lífsviðurværið í, án auðugra fiskimiða nærri landi hefði svæðið trauðla haldist í byggð. En sóknin á árabátum gat orðið varasöm, ekki síst þegar róið var á vetrarvertíð. Þá urðu formenn bátanna að hlusta á hafið á myrkum morgnum til að meta hvort óhætt væri að róa. Sýningunni er ætlað að veita gestum innsýn í þann heim sem forfeður okkar áttu með hafinu, sem stundum var blítt og létt en kannski oftar úfið og krafðist reglulega mannfórna.

Sýningarstjóri og hönnuður var Eiríkur P. Jörundsson.



Fólkið í kaupstaðnum

Ljósmyndasýningin **Fólkið í kaupstaðnum** var opnuð 5. júní í Bíósal Duus Safnahúsa. Á sýningunni gefur að líta sýnishorn af ljósmyndum í eigu Byggðasafns Reykjanesbæjar með sérstakri áherslu á ljósmyndir Heimis Stígssonar og Jóns Tómassonar. Þema sýningarinnar er fólk og mannlíf í kaupstaðnum Keflavík og nágrennabænum Njarðvík á árunum 1944 til 1994. Sýningin var jafnframt tileinkuð nýjum ljósmyndavef Byggðasafns Reykjanesbæjar, **reykjanesmyndir.is**, sem var opnaður við sömu athöfn. Sýningarstjóri var Eiríkur P. Jörundsson.



Fullt hús af brúðum

Þann 3. september var opnuð sýningin **Fullt hús af brúðum**, merku leikfangasafni Helgu Ingólfssdóttur, í Stofunni í Duus Safnahúsum. Helga hóf söfnun á brúðum fyrir margt löngu og í framhaldinu margskonar leikföngum öðrum sem flestir ættu að þekkja vel úr æsku. Hún færði Byggðasafninu brúðusafnið að gjöf árið 2007 og heildarsafnið nokkrum árum síðar. Leikfangasafn hennar hefur ekki verið sýnt í heild sinni áður, en safnið er líklega það stærsta sinnar tegundar hér á landi. Markmiðið með sýningunni var ekki síst að sýna hversu yfirgripsmikið leikfangasafnið er.

Sýningarstjórn og hönnun var í höndum Eiríks P. Jörundssonar og Helga V.V. Biering.



Aðrar sýningar og starfsemi í húsum Byggðasafnsins

Grunnsýning safnsins, *Þyrping verður að þorpi*, stóð óbreytt á Miðlofti Bryggjuhússins fram til loka ágúst. Þá var sýningin tekin niður til að rýma fyrir nýrri sýningu á bátamódelum Gríms Karlssonar, sem voru fjarlægð úr Bátasalnum svokallaða en þar hafði sýningin staðið að mestu óbreytt frá árinu 2002. Um leið voru öll líkönin ljósmynduð og sett var upp sérstakt vefsvæði á vef Byggðasafnsins þar sem nálgast má vandaðar myndir af líkönum Gríms í eigu safnsins ásamt upplýsingum um bátana.

Unnið var á haustdögum að hönnun og uppsetningu nýrrar bátasýningar á Miðloftinu. Sá salur er safngripur í sjálfu sér og hentar ágætlega undir sýningu á bátalíkönnum en síður til að setja upp nútímalega grunnsýningu sem krefst þess að hann sé meira lokaður og hærra sé til lofts.

Aðeins er hægt að komast upp á Miðloftið eftir bröttum og þröngum stiga. Þannig er aðgengið afleitt og engar upplýsingar hafa borist varðandi það hvenær bætt verði úr skák, en undanfarin ár hefur verið óskað eftir því að fyrirhugaðri lyftu verði komið fyrir í húsinu.

Stekkjarkot og húsið í Innri-Njarðvík voru sýnd þegar þess var óskað. Innri-Njarðvíkurhúsið var á haustdögum lánað undir upptökur á nýrri íslenskri kvikmynd, *Svar við bréfi Láru*, ásamt því að safnið lánaði talsvert af munum fyrir upptökur á myndinni sem á að gerast um miðja síðustu öld.

Unnið var skipulega að undirbúningi tveggja annarra sýninga sem áætlað er að verði opnaðar á árinu 2021. Annars vegar stækkuð og endurbætt sýning í Ramma um 100 ára þróun slökkviliðsstarfs á Íslandi með sérstakri áherslu á Slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli og hins vegar ný sýning sem sett verður upp í vélarhúsi Reykjanesvita og fjallar um sjóslys og uppbyggingu vita. Seinni sýningin er unnin í samstarfi við Hollvinasamtök Reykjanesvita.

Safnfræðsla

Leikskólum var kynnt þjónusta vegna þorrans í Stekkjarkoti og lét safnið útbúa svonefndar þorrakistur með munum úr eldri tíð sem minna á þorrann og hjálpa til við að fræða ungvíðið um söguna. Nokkrir leikskólahópar fengu lánaðar þorrakistur og heimsóttu Stekkjarkot.

Nokkur eftirspurn var eftir því að skoða slökkviliðssýninguna sem nú er í uppbyggingu með nýjum bílakosti Byggðasafnsins. Í maí komu 143 nemendur í heimsókn í Ramma og fengu leiðsögn um sýninguna með 14 kennurum. Leikfangasýningin í Duus Safnahúsum vakti mikla athygli og þangað komu 123 nemendur með 17 kennurum á haustdögum og fengu leiðsögn um sýninguna.

Byggðasafnið tók þátt í uppsetningu á jólasýningu í Stofunni, þar sem jólahaldi í eldri tíð var gerð skil og gömlu jólasveinunum. Þá bætti Byggðasafnið við innsetningu um Grýlu og Grýluhellinn í sýningunni *Hlustað á hafið* og bauð leikskólabörnum sérstaka leiðsögn á sýninguna. Nokkrir hópar þáðu boðið, eða alls 51 nemandi og 14 kennarar.

Gestafjöldi

Heildarfjöldi gesta í Duus Safnahús á liðnu ári var 6.581, sem er umtalsverð fækkun frá árinu 2109 þegar heildarfjöldi gesta var 25.268. Skýringin liggur í áhrifum covid farsóttar og þá er ljóst að algert messufall varð í komu erlendra ferðamanna til landsins á síðasta ári. Innlendir gestir á eigin vegum voru 5.487, sem einnig er gríðarleg fækkun milli ára, en 19.045 innlendir gestir komu í Duus Safnahús árið 2019, þar af voru gestir Ljósanætur um 13.500. Engin Ljósanótt var haldin á síðasta ári og þá féll einnig niður Safnahelgi á Suðurnesjum. Erlendir ferðamenn á eigin vegum voru alls 1.094

Vefur og útgáfa

Á vefsíðu safnsins er að finna öll grunnskjölin safnsins, upplýsingar um sýningar á vegum þess og tilvísanir í nánara efni. Vefurinn og fésbókarsíðan voru notuð til að kynna starfsemina, safngripi og myndir úr myndasafni, og voru reglulega settar inn myndir og fróðleikur um starfsemina.

Þegar aðgerðir og lokanir vegna covid brustu á var ákveðið að gera átak í rafrænni miðlun safnsins. Alls voru gerð 12 myndbönd um margvíslega þætti í starfi og sýningum safnsins. Flest myndböndin eru vistuð á Youtube undir notandanum Byggðasafn Reykjanesbæjar. Þar eru nú 16 myndbönd, fjögur þeirra eldri, og eru með samtals um 2.500 áhorf. Heimsókn í húsið í Innri-Njarðvík var með ríflega 600 áhorf. Þar næst var kynningin á varnarliðssöfnuninni með rúmlega 340 áhorf. Einnig birtust hlekkir á þessi myndbönd á Facebooksíðu safnsins. Tækjabúnaðurinn var einfaldur, ein myndavél og farsímar starfsmannanna voru notaðir sem upptökutæki fyrir hljóð og mynd. Stöku sinnum var gripið til dróna til að ná yfirlitsmyndum af viðfangsefnum. Myndböndin vöktu mikla og jákvæða athygli. Líkt og sjá má á línuritinu hér til hliðar, sem sýnir aðsókn á vef Byggðasafnsins á síðasta ári, fjölgaði heimsóknum verulega þegar myndböndin voru birt.



Til viðbótar við myndböndin var birt Ljósmynd dagsins, bæði á heimasíðu safnsins og á Facebook, alls 38 myndir. Þá birtust reglulega stuttir sögumolar á vefnum frá Árna Daníel Júlíussyni söguritara með ljósmynd sem tengdist viðfangsefninu, alls 17 færslur.

Myndbönd Byggðasafnsins árið 2020:

Varnarlið í Verstöð. Rafræn leiðsögn um sýningu Byggðasafnsins. Helgi Biering, verkefnastjóri, sagði frá.

<https://www.youtube.com/watch?v=R7q6dZOoo94>

Leiðsögn um Bryggjuhúsið. Helgi Biering sagði frá.

<https://www.youtube.com/watch?v=veuha4VwQ1k>

Heimsókn í Stekkjarkot. Þar sagði Helgi Biering frá kotinu og fyrrum íbúum þess.

<https://www.youtube.com/watch?v=ZZOGfBFzkvA>

Heimsókn í Safnamiðstöðina í Ramma. Eiríkur P. Jörundsson, forstöðumaður, sagði frá hvað þar er að finna og sýndi m.a. verkferlið við móttöku og skráningu muna. Einnig var kíkt á merkilega gripi.

<https://www.youtube.com/watch?v=OVwN2bHixAg>

Slökkviliðsbílarnir af Vellinum. Eiríkur P. Jörundsson og Helgi Biering kynntu slökkviliðsbíla í eigu Byggðasafnsins.

<https://www.youtube.com/watch?v=QFLv9VZrh0>

Heimsókn í Innri-Njarðvíkurhúsið. Sögumaður var Eiríkur P. Jörundsson.

<https://www.youtube.com/watch?v=Fy11pjKZpXs>

Myndaröðin **Sýning verður til.** Eiríkur P. Jörundsson fór í gegnum ferlið við mótun og gerð minjasýningar.

<https://www.youtube.com/watch?v=7mx0XC-4hUs>

<https://www.youtube.com/watch?v=Mk8kCrqx78U>

<https://www.youtube.com/watch?v=T2cpAmULJmI>

<https://www.youtube.com/watch?v=cpDkr5rCC-w>

Söfnun Varnarliðsmuna. Helgi Biering fór yfir verkefnið og stöðu þess.

<https://www.youtube.com/watch?v=zCH-4ORVO6M&t=6s>

Grýla í Grýluhellinum.

<https://www.youtube.com/watch?v=K4J0dUjO01E&t=23s>

Munasafn

Heildarfjöldi í safnaskrá 31. desember 2020 var 17.892 færslur. Það er fjölgun um 893 færslur á milli ára. Talsvert hefur bæst við safnkostinn vegna söfnunar varnarliðsmuna. Þannig voru samtals skráðir 488 munir í varnarliðssafnið 31. desember 2019 en í lok desember á síðasta ári voru skráðir munir alls 1.603.

Vinna við ljósmyndun muna vegna skráningar hélt áfram á árinu. Alls voru myndaðir 446 munir. Í lok ársins var búið að mynda 13.634 af þeim 17.892 munum sem skráðir hafa verið í varðveislu Byggðasafnsins. Öll ný aðföng sem berast safninu eru mynduð um leið og skráning fer fram, þannig að ekkert safnast upp og styttest óðum í að lokið verði við að mynda allan safnkostinn. Á árinu voru færðar 1.750 myndir yfir í Sarp og hefur þeirri vinnu miðað mun betur eftir að Safnamiðstöðin í Ramma var tengd við ljósleiðara. Alls eru þar nú að finna 14.686 myndir frá BYR.

Á árinu fékk Byggðasafnið afhent undirritað gjafabréf þar sem Pétur Kristinsson skuldbindur sig til að gefa og afhenda Byggðasafni Reykjanesbæjar húsgögn, muni, myndir og listaverk úr eigu föður hans, Kristins Reyrs, sem nú tilheyrir REYRS stofu í Hveragerði. Kristinn Reyur var um árabil þekktur bókasali og áberandi einstaklingur í menningarlífi Keflavíkur. Um er að ræða afar verðmæta gjöf sem inniheldur fjölda merkra muna, mynda, skjala og listaverka.

Ljósmyndasafn og nýr ljósmyndavefur; *reykjanesmyndir.is*

Byggðasafnið býr yfir viðamiklu ljósmyndasafni sem skipt er í þrjú söfn; almennt safn ljósmynda, filmusafn Heimis Stígssonar og hreyfimyndasafn Viðars Oddgeirssonar. Þá hefur orðið veruleg aukning í myndasafni er tengist sögu Varnarliðsins.

Allt árið var unnið að skönnun mynda úr almenna safninu og filmusafni Heimis í tengslum við verkefnið um ritun sögu Keflavíkur 1949 til 1994. Þá var nýr ljósmyndavefur opnaður almenningi í júní, *reykjanesmyndir.is*, sem byggði á þessari vinnu, sem að mestu var unnin af Huldu Björk Þorkeldsdóttur bókasafnsfræðingi og Oddgeiri Karlssyni ljósmyndara í verktakavinnu. Uppbygging vefsins hélt áfram allt árið. Safnið fékk sérstakan styrk úr Safnasjóði til að sinna verkefninu og þær Sonja Duarte og Margrét I. Ásgeirsdóttir bókasafnsfræðingur unnu að uppbygging ljósmyndasafns og vefs. Við opnun voru 3.688 myndir aðgengilegar á vefnum en í lok ársins voru myndirnar orðnar 7.942 sem skoða má á nýja vefnum.

Áriðandi er að halda áfram vinnu við að skanna inn fleiri myndir og koma bæði myndum á pappír og filmum í réttar umbúðir fyrir langtíma varðveislu. Veruleg þörf er á að fastráða starfsmann í fullt starf hjá Byggðasafninu til að sinna ljósmyndasöfnunum, bæði þeim sem eru fyrir hendi hjá safninu og einnig að kalla inn fjölda safna og mynda í eigu einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka í bæjarfélaginu. Einnig kallar nýr ljósmyndavefur á starfskrafta við áframhaldandi uppbyggingu og notkun hans meðal almennings.



Lokaorð

Óhætt er að fullyrða að miðað við fjölda fastráðinn starfsmanna og fjárhagsleg úrræði hafi starfsemi safnsins verið býsna lífleg á árinu og margt áunnist. Safnið býr að veglegum safnkosti, bæði munum og myndum, sem er hýstur í rúmgóðu húsnæði í Safnamiðstöðinni í Ramma sem til stendur að nýta enn betur. Varðveisluhluti starfsins er þannig í ágætis málum en móta þarf framtíðarsýn varðandi bættu sýningaraðstöðu Byggðasafnsins.

Og enn og aftur skal ítrekað að brýn nauðsyn er á starfsmanni til að sinna ljósmyndasöfnum Byggðasafnsins og nýjum ljósmyndavef. Vonandi rætist úr því sem fyrst.

Að viðburðaríku ári loknu er horft með bjartsýni til nýrra tíma og verkefna, enda úr miklu að móða og mörgu hægt að áorka, fáist til þess nauðsynlegur mannskapur og fjármunir.

2. febrúar 2021

Eiríkur P. Jörundsson
safnstjóri
Byggðasafns Reykjanesbæjar

